



Hildigunnur Bjarnadóttir og Margrét Sverrisdóttir

## **Samvinna kennara**

### **Samvinnunámsteymi í Öldutúnsskóla skólaárin 2010–2012**

Í þessari grein verður fjallað um hóp grunnskólakennara sem þróaði starf sitt með samvinnunámi í kennslu. Hópurinn varð til í tengslum við meistaraþrófsritgerðir höfunda sem þeir skrifuðu veturinn 2010–2011. Um er að ræða tvær sjálfstæðar starfendarannsóknir sem tengdust á þann hátt að rannsakendur tóku báðar þátt í þróunarvinnu í samvinnu við aðra kennara um að auka hlut samvinnunáms í skólastarfinu. Önnur rannsóknin er gerð af Hildigunni umsjónarkennara á miðstigi (Hildigunnur Bjarnadóttir, 2011) sem beinir sjónum sínum að eigin kennsluháttum og skoðar hvernig henni tekst að auka samvinnunám í kennslu með það að markmiði að skapa meiri fjölbreytni og koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Hin er rannsókn Margrétar deildarstjóra (Margrét Sverrisdóttir, 2011) sem skoðar hvernig henni gengur að leiða þróunarvinnuna. Hún skoðar einnig hvernig hópi kennara sem hittist reglulega skólaárið 2010–2011 gengur að tileinka sér hugmyndafræði og aðferðir samvinnunáms og miðla reynslu sinni innan hópsins. Vinnu í samvinnunámsteyminu var svo haldið áfram skólaárið 2011–2012. Reynslan eftir þessi tvö skólaár gefur til kynna að teymisvinnan, sem tengdist fyrrnefndum starfendarannsóknnum, hafi skilað sér í úrbótum á skólastarfinu.

Hildigunnur Bjarnadóttir var kennari við Öldutúnsskóla en lét þar af störfum í vor. Margrét Sverrisdóttir var deildarstjóri og er sem stendur starfandi skólastjóri við skólann.

#### **Teachers' cooperation: Study teams in Öldutúnsskóli 2010–2012**

This article discusses a group of compulsory school teachers who developed their teaching to implement cooperative learning. The group was created for the authors' masters theses, both being collaborative action research studies undertaken in the school year 2010–2011. A component of both studies was the development of collaboration with colleagues to increase cooperative learning in classrooms. The first is a class teacher's study, whose main purpose was to explore whether her teaching was in accord with her values, and to incorporate cooperative learning in it. Her aim was to create a more varied learning environment to respond better to the diverse needs of her students. The second is a school manager's study, the aim of which was to follow the teachers' attempts to implement cooperative learning and examine how they managed to share their experience with each other and how the author could enable them to develop their teaching methods. The teachers continued their work in the group in the school year 2011–2012. The experience of these two years indicates that the teachers' cooperation made a progress in school improvements.

Hildigunnur Bjarnadóttir worked as class teacher in Öldutúnsskóli in Hafnarfjörður and Margrét Sverrisdóttir is school manager in the same school, currently acting as headmaster.

## Tilurð samvinnunámsteymis í Öldutúnsskóla

Í Öldutúnsskóla er unnið eftir Olweusar-áætluninni sem er forvarnarverkefni með það að markmiði að skapa jákvæðan skólabrag og bekkjaranda til að fyrirbyggja einelti og andfélagslega hegðun (Olweus, 2005). Á vormánuðum 2010 voru uppi vangaveltur í skólanum um mögulegar leiðir til þess að koma í veg fyrir einelti. Meðal annars kom sú hugmynd fram að auka samvinnunám meðal nemenda með það í huga að auka samkennd og samvinnu. Þá vaknaði áhugi okkar á því að tengja það meistaraþrófsverkefnum okkar því báðar höfðum við áhuga á að gera starfendarannsókn þar sem við tækjum eigin starfshætti og starfshugmyndir til skoðunar. Við höfðum samband við alla umsjónarkennara skólans og var þeim boðið að taka þátt í þróunarvinnu þar sem áhersla væri lögð á að þróa og festa í sessi samvinnunám meðal nemenda. Til varð teymi tólf kennara sem hittist á skipulögðum fundum sem voru nýttir sem rýnihópsfundir í rannsóknum okkar beggja. Markmið fundanna var að læra saman um samvinnunám. Nánar verður fjallað um samvinnunámsteymið síðar í þessari grein.



Mynd 1 – Landnám Íslands. Nemendur smíða saman skip úr pappa fyrir landnámsmenn.

## Helstu einkenni samvinnunáms

Samkvæmt hugmyndum Johnson og Johnson (1994), sem hafa í áratugi rannsakað samvinnunám og skrifað um það, er það kennsluáferð sem byggist á því að einstaklingar vinna saman í tiltölulega litlum hópum til þess að ná sameiginlegum markmiðum. Samkvæmt hugmyndum þeirra þurfa fimm grundvallaratriði að vera til staðar við skipulagningu og framkvæmd samvinnunáms. Þau eru jákvæð *samvirkni*, *hvetjandi samskipti*, *ábyrgð einstaklingsins*, *samskiptafærni* og *mat á framgangi hópvinnunnar*.

Jákvæð samvirkni (e. *positive interdependence*) er mikilvægasta atriðið. Í því felst að nemendur vinna saman og eru háðir hver öðrum á jákvæðan hátt. Þeir verða að hjálpast að til þess að ná markmiðum hópsins en þau nást ekki nema allir í hópnum hafi tileinkað sér námsefnið. Þegar nemendur gera sér ljóst að þeir tengjast hver öðrum þannig að einn nái ekki árangri nema allir geri það hefur jákvæð samvirkni náðst. Þá gera þeir sér ljóst að framlag hvers og eins gagnast ekki eingöngu honum sjálfum heldur öllum í hópnum. Áhugi nemenda á árangri annarra í hópnum verður til þess að þeir hjálpa hver öðrum að læra, veita sameiginlegan stuðning og gleðjast saman yfir góðum árangri (Johnson og Johnson, 1994).

Hvetjandi samskipti (e. *promotive interaction*) er annað mikilvægt atriði. Þegar kennarar hafa komið á jákvæðri samvirkni verða þeir að skapa sem flest tækifæri fyrir nemendur til að hvetja hver annan til að ná góðum árangri með hrósi, stuðningi og hvatningu. Nemendur fá þjálfun í að leysa vandamál sem upp kunna að koma og ljúka við þau verkefni sem þeim hafa verið falin. Þeir læra mikið með því að útskýra verkefni eða lausnaleyðir hver fyrir öðrum, því viðbrögð annarra segja mikið til um hvernig til hefur tekist (Johnson og Johnson, 1994).

Ábyrgð einstaklingsins (e. *individual accountability*) felur í sér að hver nemandi ber ábyrgð á námi sínu og framlagi til hópsins. Ábyrgur einstaklingur leggur sig fram við að stuðla sem best að námi hópsins um leið og hann bætir árangur sinn. Kennarinn þarf að skipuleggja verkefni þannig að nemendur beri ábyrgð á sjálfum sér og láti ekki aðra um að vinna fyrir sig. Markmið samvinnunáms er að styrkja einstaklinginn. Nemendur læra saman til þess að ná betri námsárangri sem einstaklingar (Hafdís Guðjónsdóttir, Mattildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005; Johnson og Johnson, 1994).

Samskiptafærni (e. *interpersonal and small-group skills*) þarf að kenna nemendum, þ.e. grundvallarþætti eins og að taka ákvarðanir, skapa traust, ræða saman og leysa ágreining. Jákvæð samvirkni og hvetjandi samskipti eiga sér tæplega stað nema nemendur nýti samskiptafærni sína til hins ýtrasta (Hafdís Guðjónsdóttir o.fl., 2005; Johnson og Johnson, 1994).

Mat á framgangi hópunnar (e. *group processing*) byggist á því að kennari gefi nemendum tíma og tækifæri til að meta framvindu vinnunnar og samvirkni hópsins. Áriðandi er að hópurinn ræði hvernig gekk og hvort allir í hópnum náðu markmiðum sínum. Nemendur ræða um það hvað gagnaðist vel og hvað ekki og hverju þarf að breyta, meta eigin þátttöku og framgöngu í hópnum. Nemandi getur fengið það hlutverk að vera athugandi í hópnum sínum og fylgjast með ákveðnum þáttum. Einnig ættu kennarar að fylgjast með störfum hópanna og meta samvinnuna (Hafdís Guðjónsdóttir o.fl., 2005; Johnson og Johnson, 1994).

## Rök fyrir því að nota samvinnunám

Johnson, Johnson og Holubec (1994) telja að notkun samvinnunáms hjálpi kennurum að ná nokkrum mikilvægum markmiðum. Í fyrsta lagi eflir það nám bæði dugmikilla nemenda og þeirra sem eiga við námserfiðleika að etja. Í öðru lagi auðveldar það kennaranum að skapa jákvæð samskipti milli nemenda en þessi jákvæðu samskipti eru forsenda þess að skapa námssamfélag þar sem margbreytileiki er litinn jákvæðum augum. Í þriðja lagi öðlast nemendur reynslu sem þeir þarfnast til að þroskast félagslega, andlega og vitsmunalega.

Hópvinubrögð í anda samvinnu eru talin leiða til þess að nemendur verði áhugasamir um námið námsins vegna, fremur en vegna einkunnna eða hróss frá kennara. Samvinnu-

nám er talið geta eflt lærdóm á öllum sviðum náms og henta öllum aldurshópum. Það er talið auka sjálfsálit nemenda, félagshæfni og samstöðu (Joyce og Weil, 1996).

Í *Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2006* er lögð áhersla á að skólar búi nemendur undir þátttöku í atvinnulífi og samfélaginu sjálfu. Skólar þurfi að finna leiðir til að koma til móts við þarfir hvers og eins. Skólinn eigi að leggja áherslu á starfshætti sem geti stuðlað að félagslegri færni nemenda, til dæmis samskiptahæfni þeirra (Menntamálaráðuneytið, 2006).

Í lögum um grunnskóla frá árinu 2008 (nr. 91/2008) kemur fram að hlutverk skóla sé að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Komið skal til móts við þarfir hvers og eins nemanda. Í lögum kemur skýrt fram að þjálfá skuli hæfni nemenda til samstarfs við aðra. Samkvæmt *Aðalnámskrá* og grunnskólalögum ber að koma til móts við þarfir hvers einstaks nemanda og skólinn á að leggja áherslu á vinnu-aðferðir sem þroska félagslega færni og skipulags- og samskiptahæfni. Lögð er áhersla á fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Markmiðum sem snúa að eflingu félagsþroska verður til dæmis aðeins náð með því að nemendur fái tækifæri til samvinnu. Að auka hlut samvinnunáms í kennslu er leið til að ná þessum markmiðum *Aðalnámskrár*.

## Starfendarannsóknir

Orðið starfendarannsókn hefur fest sig í sessi í íslenskri tungu á síðustu árum og nær yfir ýmis ensk heiti, eins og *action research*, *self-study* og *practitioner research* (Hafþór Guðjónsson, 2008). Starfendarannsókn er rannsókn sem gerir starfsmanni kleift að rannsaka og meta starf sitt og eru aðferðirnar fjölbreyttar og áherslurnar mismunandi. Starfendarannsóknir eiga sífellt meiri vinsældum að fagna víðs vegar um heim, meðal annars í skólum (Kemmis og McTaggart, 2005; McNiff og Whitehead, 2006). Á Íslandi færast í vöxt að kennarar taki þátt í slíkum rannsóknum og það getur styrkt sjálfsmynd kennarans sem fagmanns og haft jákvæð áhrif á kennsluhætti hans (Hafþór Guðjónsson, 2008, 2011).

Í starfendarannsóknum felst að rannsakandinn rannsakar eigin starfshætti og eigin gildi (McNiff og Whitehead, 2006). Hann tilheyrir sjálfur þeim aðstæðum sem hann rannsakar og spyr sjálfan sig hvort starf hans sé með þeim hætti sem hann er sáttur við. Ef hann er ekki sáttur við eitthvað í starfi sínu veltir hann fyrir sér hvaða úrbóta sé hugsanlega þörf. Ef hann er sáttur við starf sitt metur hann það til að sýna fram á hvers vegna hann telji svo vera. Ef honum finnst að starf hans þurfi umbóta við vinnur hann að breytingum, aflar gagna og heldur utan um þau og gerir reglulega grein fyrir framförum í starfinu (McNiff og Whitehead, 2006).

Mikilvægt er að stefna að því að starfendarannsókn sé öguð og kerfisbundin.

Vinnuáætlun tekur gjarnan á sig eftirfarandi mynd:

- Skoða aðstæður
- Skilgreina það sem á að rannsaka
- Hugsa um mögulegar leiðir til úrbóta
- Prófa leiðirnar í starfi
- Fylgjast með eða mæla það sem gert er með því að safna um það gögnum
- Meta framfarir með því að búa til aðferð til að greina og meta það sem gerist
- Prófa réttmæti
- Lagfæra vinnuna í ljósi matsins

(McNiff og Whitehead, 2006).

McNiff og Whitehead (2006) fjalla um þetta ferli sem hring: Að ígrunda það sem fyrir augu ber eða það sem maður uppgötvar, breyta starfsháttum, meta breytingarnar, lagfæra það sem þarf að lagfæra og að lokum hafa breytingar á starfsháttum átt sér stað. Hringferlið heldur áfram því þegar rannsakandi hefur um stundarsakir náð markmiði sínu vakna nýjar spurningar og honum finnst tími til kominn að hefjast handa á ný.

## Hvernig voru rannsóknirnar unnar?

Í þessum kafla munu við rekja hvor fyrir sig í stuttu máli markmið rannsókna og framkvæmd, segja frá þátttakendum og þeim aðferðum sem notaðar voru við gagnaöflun og gagnagreiningu.

### Rannsókn Hildigunnar

Markmið rannsóknar minnar var að rýna í eigin kennsluhætti, meðal annars til þess að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda minna og efla þá sem námsmenn. Rannsóknarspurningar mínar voru þessar:

- Hvernig samræmast starfshættir mínir gildum mínum um nám og kennslu?
- Hvernig tekst mér að nota samvinnunám með það að markmiði að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda minna?

Þátttakendur í rannsókn minni, auk mín sjálfrar, voru 26 nemendur mínir í 5. bekk, rýnihópur, sem fjallað verður nánar um hér á eftir og rannsóknarvinur, sem jafnframt var athugandi, sem fylgdist nokkrum sinnum með kennslu minni. Rannsóknarvinur minn og athugandi var Margrét Sverrisdóttir, annar höfunda þessarar greinar.

Samvinna okkar Margrétar var mikil og nán. Við hittumst tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði, samtals tuttugu sinnum, í um það bil tvær klukkustundir í senn þar sem rætt var um rýnihópinn og skipulag fundanna, farið yfir umræðuefni og verkefni ákveðin. Í öðru lagi ræddum við um það hvernig mér gengi að skoða eigin kennslu og í þriðja lagi ræddum við um það sem Margrét varð áskynja með því að fylgjast með kennslu minni en hún fylgdist með mér sjö sinnum á rannsóknartímanum. Einnig ræddum við um það sem sneri að rannsóknarverkefni Margrétar en ég var rannsóknarvinur hennar.

Gögnum mínum má skipta í fjóra hluta. Í fyrsta lagi skráði ég rannsóknardagbók þann tíma sem rannsóknin stóð yfir, þar sem ég lýsti því sem fram fór í kennslu minni og ígrundaði hvernig mér fannst mér ganga, greindi frá líðan minni og hugleiddi hvernig nemendurnir brugðust við því sem ég gerði í kennslustundum. Í öðru lagi nýtti ég samtöl mín við rannsóknarvin minn og athuganda. Í þriðja lagi notaði ég efni frá nemendum mínum. Þetta voru örstuttar kannanir á samvinnunámsverkefni, sjálfsmat nemenda á ákveðnum þáttum verkefna, niðurstöður umræðna þeirra um mismunandi aðferðir við nám og ljósmyndir af samvinnunámsverkefnum nemenda og þeim við vinnu að sumum þeirra. Í fjórða lagi notaði ég fundi rýnihópsins sem voru átta talsins á rannsóknartímanum. Fundirnir voru hljóðritaðir og skráði ég samantekt eftir þá og jafnframt hugleiðingar mínar frá fundunum. Rýnihópurinn sem hér er nefndur er samvinnunámsteymið sem fjallað verður nánar um síðar í greininni.

Greining gagna átti sér stað meira og minna samhliða rannsókninni. Ég hlustaði á upptökur af fundum rýnihópsins fljótlega eftir hvern fund. Daglegt starf mitt í kennslustofunni var aðalrannsóknarvettvangur minn og þar var rannsóknardagbókin langmikilvægust. Allan tímann greindi ég það sem ég hafði verið að gera eða hafði upplifað og prófaði eitt-hvað út frá því sem ég hafði áður gert. Ég gerði fjórar samantektir á dagbókarskrifunum á tímabilinu. Við það fann ég ákveðin þemu. Í síðustu samantektinni fannst mér greinilegt hve samvinnunám var orðið stór hluti af kennslu minni. Þátttakan í rýnihópnum var gagnleg. Með því að ræða um það sem ég hafði gert í kennslu minni og hlusta á það sem aðrir



höfðu um það að segja var ég stöðugt að greina gögn. Ég greindi ákveðin þemu í samantektum eftir fundi hópsins. Eitt af þeim var óöryggi kennaranna í hópnum við að nota samvinnunámsaðferðina og annað var að kennurum fannst styrkur fólgin í því að hittast og læra saman. Samtöl mín við rannsóknarvin minn og athuganda voru mjög mikilvæg í gagnagreiningunni. Að ræða við hann um hugleiðingar mínar um sjálfa mig hjálpaði mér við að greina hvað hafði gengið vel og hvað mér fannst ég þurfa að bæta og lagfæra.

## Rannsókn Margrétar

Markmið rannsóknar minnar var að skoða hvernig kennarahópi í Öldutúnsskóla gengi að tileinka sér samvinnunámsaðferðina og miðla reynslu sinni til annarra, innan og utan hópsins. Einnig vildi ég athuga hvernig mér tækist að innleiða samvinnunám í rýnihópnum og hvernig ég brygðist við og leysti úr þeim hindrunum sem yrðu á leiðinni. Rannsóknarspurningar mínar voru þessar:

- Hvernig gengur mér að stýra hópi kennara í Öldutúnsskóla við að tileinka sér hugmyndafræði og aðferðir samvinnunáms?
- Hvernig tekst þessum kennurum að tileinka sér samvinnunám og að miðla reynslu sinni innan og utan hópsins?

Auk mín voru þátttakendur í rannsókninni hópur kennara og vorum við tólf að mér meðtalin. Rannsóknarvinur minn var Hildigunnur sem er annar höfunda þessarar greinar. Áður hefur verið rætt um samstarf okkar hér að framan, þar sem við voru rannsóknarvinir hvor annarrar. Á meðan á rannsóknarvinnunni stóð hélt ég dagbók þar sem ég skrifaði hugrenningar mínar tengdar rannsókninni en einnig um dagleg störf mín sem deildarstjóra, upplifun mína í starfi og fleira.

Við greiningu gagnanna las ég dagbókina mína nokkrum sinnum en ég skráði þar meðal annars hvernig ég upplifði teymisfundina, sem voru hljóðritaðir, og hvernig þeir fóru fram. Ég skrifaði líka oft hugleiðingar um mín daglegu störf og lýsti því hvernig mér leið í þeim verkefnum sem ég var að takast á við hverju sinni. Ég hlustaði yfirleitt strax á það sem fram fór á teymisfundunum og skrifaði orðrétt upp það sem mér þótti mikilvægt fyrir rannsóknina. Við það greindi ég að það voru nokkur atriði sem stóðu upp úr hjá kennurum. Þau snerust um þau verkefni sem þeir voru að vinna með nemendum sínum, hvað gekk vel og hvaða hindranir komu fram. Þeir sögðu frá því hvernig þeir notuðu samvinnunám í námsmati og hvernig hlutverkin í samvinnunámi birtust.

## Samvinnunámsteymið

Eins og áður hefur komið fram höfðum við samband við alla umsjónarkennara skólans og buðum þeim að taka þátt í þróunarvinnu þar sem áhersla væri lögð á að þróa samvinnunám meðal nemenda og festa það í sessi. Til varð teymi tólf kennara á öllum stigum, þ.e. yngsta stigi, miðstigi og unglingastigi, þar af voru tveir einnig deildarstjórar. Hópurinn hittist á átta skipulögðum fundum. Fundirnir voru um 70 mínútna langir og voru nýttir sem rýnihópsfundir í rannsóknum okkar beggja. Markmið fundanna var að læra saman um samvinnunám og ræða hvaða aðferðir hentuðu best hverju viðfangsefni, ígrunda árangur kennslunnar og hvað mætti betur fara. Kennarar ræddu líka hvernig þeir gætu stutt hver annan. Hver fundur byrjaði yfirleitt á því að ræða efni sem kennarar höfðu lesið fyrir fundinn, þeir sögðu frá því hvernig þeir höfðu notað samvinnunám í kennslu og oft enduðu fundirnir á leik eða verklegri æfingu sem tengdist samvinnunámi. Í *Töflu 1* má sjá dagskrá fundanna.

Á fundum tjáðu kennarar sig um verkefni sem þeir höfðu unnið að, hvernig það hefði gengið og fengu viðbrögð frá öðrum kennurum teymisins. Í upphafi voru kennarar hikandi

| Tafla 1 – Dagsetningar, tillögur að lesefni og umræðuefni á fundum rýnihóps |            |   |
|---|------------|---|
| Fundur  | Dagsetning | Dagskrá   |
| 1   | 22.9.2010  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hvað er samvinnunám?</li> <li>Lesi kafla 1 og 2 í bókinni <i>Allir geta eitthvað, enginn getur allt</i> eftir Guðrúnu Pétursdóttur</li> <li>Umræður</li> </ul>   |
| 2   | 5.10.2010  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Staðan í hópnum – er einhver byrjaður?</li> <li>Brotnir ferningar – samvinnuverkefni (æfing)</li> <li>Umræður um verkefnið – mikilvægur þáttur í verkefninu</li> <li>Hver kennari ákveður að taka fyrir einn leik í viku næstu fjórar vikur</li> <li>Umræður</li> <li>(Lesi bls. 51–88 í bókinni <i>Allir geta eitthvað, enginn getur allt</i>)</li> </ul>   |
| 3   | 26.10.2010 | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hvað erum við búnað að gera? <ul style="list-style-type: none"> <li>Hvað gekk vel?</li> <li>Hvers vegna?</li> <li>Hvað gekk ekki nógu vel?</li> <li>Hvers vegna?</li> </ul> </li> <li>Hvað ætlum við að gera næst?</li> <li>Sjálfsmynd – samskiptahæfni, umræður (Lesi bls. 134–149 í bókinni <i>Allir geta eitthvað, enginn getur allt</i>)</li> <li>Dómínóleikur bls. 140</li> </ul>   |
| 4   | 9.11.2010  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hindranir</li> <li>Samvinnunám í ýmsum námsgreinum</li> <li>Lesi lykilatriðin fimm í samvinnunámi (4. kafli í bók Hafdísar Guðjónsdóttur, Matthildar Guðmundsdóttur og Árdísar Ívarsdóttur, <i>Fagleg kennsla í fyrirrúmi</i>).</li> <li>Leikur</li> <li>Önnur mál</li> </ul>  |
| 5   | 11.1.2011  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Umræður um kafla um samvinnunám í <i>Litrófi kennsluaðferða</i> eftir Ingvar Sigurgeirsson</li> <li>Umræður</li> <li>Kennsluaðferð: Einn, tveir, allir</li> <li>Fjórir saman í hópi</li> <li>Svara spurningunni: Af hverju er fjölbreytnin ekki meiri í kennslunni okkar?</li> <li>Hver og einn skrifar í eina mínútu</li> <li>Hópurinn ræðir saman og kemst að sameiginlegri niðurstöðu</li> <li>Hópurinn segir frá sinni niðurstöðu</li> </ul> |
| 6   | 1.2.2011   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Segja frá verkefnum sem tengjast samvinnu</li> <li>Lesi um jákvæða samvirkni og nán samskipti, sem eru tveir fyrstu þættir af lykilatriðunum fimm í samvinnunámi, og velta fyrir sér leiðum til að ná þessu fram</li> <li>Umræður</li> </ul>   |
| 7   | 22.2.2011  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Segja frá verkefnum sem tengjast samvinnu</li> <li>Lesi um ábyrgð einstaklingsins, færni í að vinna með öðrum og mat eru þrjú síðustu þættir af lykil-</li> </ul>  |

|   |          |   |
|---|----------|---|
|   |          | <p>atriðunum fimm í samvinnunámi og velta fyrir sér leiðum hvernig hægt sé að ná þessu fram (lesa hluta kafla 4 í bókinni <i>Fagleg kennsla í fyrirrúmi</i>)</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Verkefni/æfing</li> </ul>   |
| 8 | 1.3.2011 | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Ábyrgð einstaklingsins, færni í að vinna með öðrum og uppgjör í samvinnunámi</li> <li>• Mat á vinnu hópsins             <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Er eitthvað sem hefði mátt betur fara?</li> <li>○ Er þetta góð leið til að læra nýja hluti /þróa sig í starfi?</li> <li>○ Hvert er framhaldið?</li> </ul> </li> </ul> |

og fóru hægt af stað með samvinnunámið. Hindranir í upphafi fólust einkum í erfiðleikum við að skipta nemendum í hópa, hversu fjölmennir hóparnir ættu að vera og hvaða hlutverk hentuðu verkefninu hverju sinni. Rætt var um þær hindranir sem stóðu í veginum og hvað það væri sem ylli því að kennarar hikuðu við að beita þessari aðferð. Sumir fóru af stað með lítil samvinnunámsverkefni á meðan aðrir biðu með það og ákváðu þess í stað að efla bekkjarbraginn og byggja upp traust meðal nemenda sinna áður. Mjög áhugavert var að fylgjast með því hvernig færni kennaranna óx eftir því sem þeir öðluðust meiri reynslu.

Fljótlega kom í ljós að nemendur voru farnir að tileinka sér hugmyndir samvinnunámsins. Kennararnir töluðu um að nemendur væru farnir að nota setningar sem tengjast hugmyndafræði samvinnunáms og lögð var áhersla á í kennslunni. Þetta voru setningar eins og: „Enginn er góður í öllu, allir eru góðir í einhverju“ og „ekkert okkar er eins snjallt og við öll saman“. Einn kennari nemenda í 3. bekk sagði þá nota setninguna: „Ég er bara ekki nógu góður í þessu, ég er bara góður í einhverju öðru.“

## Hvað kom í veg fyrir notkun samvinnunáms?

Það gekk á ýmsu hjá kennurum við að tileinka sér samvinnunám og innleiða það í kennslustofunni. Stundum gekk allt að óskum en oft vöknudu spurningar sem gott var að varpa inn í teymið. Kennarar þekktu nemendahópinn sinn misvel. Sumir höfðu byrjað með nýjan bekk um haustið og þurftu tíma til að kynna börnunum, aðrir vildu byrja á því að vinna með bekkjarandann og enn aðrir voru að byrja sitt fyrsta ár í kennslu og þurftu að átta sig í rólegheitum á öllu sem því fylgir.

Kennurum fannst mikilvægt að auka fjölbreytni en sögðu að það krefðist mikils undirbúnings og því yrði oft minna úr en þeir hefðu viljað. Þeir sögðu einnig að þeim fyndist flókið að tileinka sér aðferð á borð við samvinnunám og að þeir væru óöruggir með að fara af stað með eitthvað nýtt. Einnig nefndu þeir að það væri erfitt að bregða út af vananum. Það þyrfti að sökkva sér ofan í þetta. Kennarar töluðu líka um tímaskort og að það væri flókið að festa breytingar í sessi. Samvinnunám krefðist mikils undirbúnings og ef ekki fyndist tími væri einfalt að fara aftur í gamla farið. Umsjónarkennarar þyrftu að sinna mörgum öðrum verkefnum en kennslu, svo sem ýmiss konar skráningum, foreldrasamstarfi og fundum. Kennurum í unglingadeild væru settar ákveðnar skorður þar sem þeir kenndu fáa tíma í hverjum bekk og mikið mál væri að biðja aðra kennara um skipti á tímum. Mun meira frelsi væri í miðdeild og yngri deild þar sem kennsla hvers bekkjar væri oftast á ábyrgð eins kennara.

## Hvað lærðu kennarar samvinnunámsteymisins?

Kennurum fannst lærdómsríkt að vinna með öðrum kennurum að því að þróa í starfi. Þeim fannst styrkur fólgin í því að hittast til að ræða saman og læra í hópi sem vann að sameiginlegu markmiði þar sem traust og skilningur ríkti. Kennarar voru mjög ánægðir



með að fá að vinna saman með þessum hætti. Þeim fannst gott að geta sagt frá helstu verkefnum og viðfangsefnum og fengið viðbrögð við spurningum sem vöknudu þegar þeir voru að vinna við samvinnunámið. Þeim fannst líka gott að heyra af reynslu hinna og kváðust læra mikið af því. Á einum af fundum rýnihópsins sagði kennari frá því að hann hefði lagt samvinnupróf fyrir nemendur sína þannig að tveir og tveir nemendur unnu saman. Öðrum kennara leist vel á þetta og notaði þessa námsmatsaðferð í sinni kennslu. Á öðrum fundi sagði kennari frá því að í samvinnunámsverkefni um landafræði Íslands ættu nemendur að búa til ferðabækling. Þá kom einn af nemendunum með þá hugmynd að nemendur skrifuðu stuttan kafla á ensku sem væri hugsaður fyrir erlenda ferðamenn. Þetta fannst kennaranum góð hugmynd og notaði hana.

Það var ákveðin pressa á kennarana og um leið hvatning að nota samvinnunámið með nemendum á milli þess sem teymið hittist. Fundir teymisins gengu út á að segja frá og miðla reynslu og það var erfitt að koma á fundi og segjast ekkert hafa gert. Það gerðist hins vegar nær aldrei. Kennararnir töldu sig hafa öðlast meiri þekkingu, færni og reynslu með tímanum við það að nota samvinnunám, en í mismiklum mæli þó.

Kennararnir tóku svo sterkt til orða að segja að þetta hefði verið með því gagnlegasta sem þeir hefðu gert og vildu halda áfram í þróunarvinnu af þessu tagi. Þarna áttu þeir meðal annars við það að á þessum vettvangi fengu þeir tækifæri til að hitta kennara sem voru að kenna á öðrum stigum og ræða um og miðla reynslu sinni af því að nota samvinnunám í kennslunni. Einn af þeim kennurum sem notuðu samvinnunámið fannst hann öðlast meiri færni í að nota það eftir því sem leið á veturinn og eftir því sem hlutur samvinnunáms jókst í kennslunni. Í lok skólaársins notaði hann samvinnunám í mun meiri



**Mynd 2 – Landafræði Íslands. Nemendur að búa til landshlutann sinn úr dagblöðum og veggfóðurlími í samvinnu. Eins og sjá má eru nemendur með spjöld hangandi framan á sér þar sem hlutverki hvers og eins er lýst. Drengurinn er í hlutverki efnisaflara, önnur stúlkan er í hlutverki þagnarforingja og hin er í hlutverki hvetjara. Nemendur í hópnum skiptast á að skrá hvernig samvinnan gengur hverju sinni.**

mæli en í upphafi þess. Með því að nota samvinnunám, og þar með að auka fjölbreytni í kennslu, fannst honum starf sitt samræmast betur hugmyndum sínum um nám og kennslu, meðal annars þær að skólinn eigi að vera staður þar sem öllum börnum líður vel og allir hafa sama rétt til náms. Með því að auka hlut samvinnunáms taldi hann sig hafa leitast við að búa nemendum sínum námsumhverfi sem stuðlar að þessu.

Í umræðum kennara kom fram að þeim fannst þeir greina að nemendur sýndu aukna hjálpsemi og samkennd. Það færðist í vöxt að þeir aðstoðuðu hver annan við námið, einnig þegar ekki var unnið samkvæmt aðferðum samvinnunáms. Einnig greindu kennarar aukna vellíðan hjá ákveðnum nemendum. Kennarar ræddu um að virkni og sjálfstæði nemenda hefði aukist og að þeir reyndu sjálfir að leysa verkefni og bæðu aðra nemendur oft um aðstoð.

Hér er frásögn kennara af atvikum úr kennslustofu nemenda í 5. bekk. Hún lýsir aukinni hjálpsemi og virkni:

Um daginn var Einar mjög óþolinmóður. Ég var nýbúin að segja honum að hann færi ekki meira, í bili að minnsta kosti, til sérkennarans. Hann var ósáttur. Lagðist fram á borðið og sagðist vera búinn að vera lengi með upprétta hönd en enga hjálp fá. Svo var eins og hann tæki ákvörðun eftir að ég var búin að aðstoða hann og vann vel í stærðfræðinni. Næsta dag gekk svo vel að hann lauk fljótt við stærðfræðiverkefnið og ég sá að hann var að aðstoða dreng á öðru borði sem vantaði aðstoð (sá er ekki í þeim félagahópi Einars sem hann er mest með). Ég var svo ánægð og hrósaði honum eftir tímann og hann kunni að meta hrósið, það sá ég á honum. Hann var stoltur og ánægður með sig.

Í gær unnu nemendur í hópum við það að búa til landshlutana sína. Hóparnir voru átta. Þau bjuggu landið til úr einangrunarplasti, dagblöðum og veggfóðurlími. Mér fannst þau njóta vinnunnar og ég heyrði þau tala um það sín á milli hvað þetta væri skemmtilegt. Allir hóparnir luku við verkið á þeim tíma sem ég ætlaði þeim til vinnunnar. Þegar um þrjátíu mínútur voru eftir áttu sumir hópar ansi mikið eftir en aðrir voru alveg að ljúka við sinn hluta. Þá spurðu nokkrir sem voru að ljúka við sinn hluta hvort þeir mættu hjálpa í hinum hópunum svo öllum tækist að ljúka verkinu. Það tókst.

Kennarinn var afskaplega ánægður með nemendur sína því honum fannst góðum árangri hafa verið náð þegar þeir báðu um að fá að hjálpa öðrum hópum. Það hafði ekki gerst áður.

## Helstu niðurstöður af vinnu samvinnunámsteymisins

Við teljum að kennurum sem tóku þátt í þessu verkefni hafi tekist vel að tileinka sér hugmyndir og aðferðir samvinnunáms. Fundirnir voru líflegir og allir höfðu frá einhverri reynslu að segja. Margir fengu aðra kennara, sem voru ekki í teyminu, til að nota aðferðina. Fjörugar umræður sköpuðust á kaffistofu starfsmanna og foreldrar fengu upplýsingar um verkefni í bréfum, tölvupósti og með heimsóknnum í skólann.

Í rannsókn annarrar okkar (Hildigunnar) kom fram að hún taldi að nemendur hefðu orðið meðvitaðri um það hvernig þeim hentar að læra vegna þess að á rannsóknartímanum unnu þeir í hópum með flestum í bekknum og tóku þátt í umræðum um mismunandi aðferðir við að læra. Það má sjá sem dæmi um vaknandi ábyrgðartilfinningu nemenda fyrir eigin námi og viðurkenningu þeirra á margbreytileika hópsins. Langflestir þeirra kusu að vinna með öðrum nemendum fremur en að vinna einir. Í *Töflu 2* má sjá niðurstöður í umræðum nemenda Hildigunnar um kosti og galla þess að vinna einn, í samkeppni og í samvinnu við aðra. Um er að ræða nemendur í 5. bekk.

**Tafla 2 – Niðurstöður í umræðum nemenda um kosti og galla þess að vinna einn, í samkeppni eða í samvinnu við aðra.**

|                             | <b>Kostir</b>   | <b>Gallar</b>  |
|-----------------------------|---|--|
| Að læra sjálfur             | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Meiri vinnufriður</li> <li>• Friður fyrir öðrum</li> <li>• Enginn er ósammála manni</li> <li>• Maður hugsar meira</li> <li>• Maður lærir meira</li> <li>• Maður þarf ekki að útskýra fyrir öðrum</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Enginn með svarið, enginn til að spyrja eða hjálpa</li> <li>• Engir vinir</li> <li>• Manni getur leiðst</li> <li>• Ekki hægt að spjalla</li> <li>• Maður hefur engan til að hjálpa sér ef maður er óöruggur</li> </ul>  |
| Að keppa við aðra           | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Maður lærir að taka ósigri og sigri</li> <li>• Skemmtilegt að keppa</li> <li>• Enginn kostur</li> <li>• Gaman að vinna</li> <li>• Maður hugsar hraðar</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Ef maður flýtir sér getur maður gert villur</li> <li>• Maður getur orðið tapsár</li> <li>• Maður flýtir sér og skrifar illa</li> <li>• Leiðinlegt ef maður vinnur og vinur manns er í hinu liðinu</li> <li>• Allir fara í fýlu sem tapa</li> <li>• Geta myndast læti</li> </ul>                       |
| Að læra í samvinnu við aðra | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Maður lærir að vinna með öðrum</li> <li>• Maður eignast fleiri vini ef maður er í félagsskap</li> <li>• Maður er ekki einmana</li> <li>• Það er hægt að ræða saman</li> <li>• Hjálpast að</li> <li>• Það er skemmtilegt</li> <li>• Gaman að vera saman</li> <li>• Hægt að fá álit annarra á hugmynd sem kannski er hægt að betrumbæta</li> <li>• Þurfum ekki að biðja um hjálp frá kennaranum</li> <li>• Hægt að tala við krakka í hópnum</li> <li>• Maður getur fengið hjálp</li> <li>• Við höfum félagsskap</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Læti, stundum talað of mikið og unnið minna</li> <li>• Getum verið ósammála</li> <li>• Maður getur ekki alltaf fengið það sem mann langar</li> <li>• Við getum verið ósammála, rífumst</li> <li>• Hver talar í kapp við annan</li> <li>• Einhver þykist ráða</li> <li>• Myndast meiri læti</li> </ul> |

Ein helsta niðurstaðan af vinnu samvinnunámsteymisins er sú að það er hægt að þróa sig í starfi, hafa jákvæð áhrif á nemendur, kennara og allt skólasamfélagið. Þá varð ljóst að hægt er í samvinnu og sameiningu að tileinka sér nýjar kennsluaðferðir. Það er hægt að fara af stað með eitthvað nýtt í kennslustofunni og breyta út af vananum. Það kostar hins vegar vinnu. Það kostar það að sökkva sér heilshugar ofan í viðfangsefnið og vinna með öðrum að slíkri vinnu. Það tekur tíma og það þarf einhver að stjórna vinnunni; halda utan um hópinn, undirbúa, skipuleggja og halda þátttakendum við efnið. Það var einmitt eitt af hlutverkum annarrar okkar (Margrétar). Hún skapaði vettvang fyrir umræðuna og mótaði rammann um verkefnið.

Stjórnendur skólans studdu verkefnið frá upphafi. Tekinn var frá tími fyrir teymið til að hittast á föstum viðverutíma kennara. Þannig skapaðist rúm til að teymið gæti starfað við sem bestar aðstæður og þeir sem höfðu áhuga fengu tækifæri til að taka þátt í verkefninu.

## Framhald á vinnu samvinnunámsteymisins

Kennarar vildu eindregið halda áfram starfi í samvinnunámsteyminu veturinn 2011–2012. Það varð úr og í teyminu störfuðu flestir þeir kennarar sem þar höfðu verið áður. Nokkrir bættust líka í hópinn þannig að fimmtán kennarar störfuðu í teyminu þennan vetur. Vegna mikillar ánægju kennara í samvinnunámsteyminu var ákveðið að stofna fleiri faghópa þennan veturinn og voru allir kennarar skólans í einhverjum þeirra. Samvinnunámsteymið hittist sjö sinnum á skólaárinu 2011–2012.

Reynslan eftir tvö síðustu skólaár sýnir okkur að teymisvinna kennara skilar sér inn í skólastarfið á uppbyggilegan hátt. Að vinna saman og styrkja hvert annað var góð leið til að læra nýja kennsluaðferð og þar með að þróa sig í starfi. Þegar kennarar miðluðu reynslu sinni af þeirri vinnu sem fram fór í kennslustofunni skapaðist vettvangur fyrir umræður sem þeir lærðu mikið af. Ítrekað kom fram í umræðum samvinnunámsteymisins að kennararnir töldu þessa aðferð skila árangri í starfi og í námi nemenda. Eins og áður hefur komið fram var starf teymisins liður í starfendarannsóknum okkar beggja. Okkur og öðrum í teyminu fannst að í hópnum fengju þátttakendur staðfestingu á því að þeir væru á réttri leið, þeir hrósuðu hver öðrum og hvöttu áfram og þeir lærðu hver af öðrum. McNiff og Whitehead (2006) benda á að þótt rannsakandinn sé sjálfur viðfangsefni rannsóknar sinnar sé hann ekki einangraður því hann lifir og starfi í samskiptum við aðra á öllum stigum ferlisins. Þetta sýni að ný þekking verði til við samvinnu.

## Heimildir

Hafðís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. (2005). *Fagleg kennsla í fyrirrúmi*. Reykjavík: Höfundar.

Hafþór Guðjónsson. (2008). Starfendarannsókn í Menntaskólanum við Sund. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2008/002/index.htm>

Hafþór Guðjónsson. (2011). Kennarinn sem rannsakandi. *Ráðstefnurit Netla – Menntakvika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/011.pdf>

Hildigunnur Bjarnadóttir. (2011) „Þegar við vinnum saman er maður ekki einmana“: *Starfendarannsókn grunnskólakennara með áherslu á að auka samvinnunám í kennslu*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.

Johnson, D. W., Johnson, R. T. og Holubec, E. J. (1994). *Cooperative learning in the classroom*. Alexandria: ASCD.

Johnson, D. W. og Johnson, R. T. (1994). *Learning together and alone: Cooperative, competitive and individualistic learning*. Boston: Allyn and Bacon.

Joyce, B. og Weil, M. (1996). *Models of teaching* (5. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.

Kemmis, R. og McTaggart, R. (2005). Participatory action research: Communicative action and the public sphere. Í N. K. Denzin og Y. S. Lincoln (ritstjórar). *The Sage handbook of qualitative research* (3. útgáfa, bls. 559–603). London: Sage.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Margrét Sverrisdóttir. (2011) „Ég hef aldrei látið nemendur blanda eins mikið geði“: *Starfendarannsókn*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.

McNiff, J. og Whitehead, J. (2006). *All you need to know about action research*. London: Sage.

Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Olweus, D. (2005). *Olweusaráætlunin gegn einelti og andfélagslegu atferli: Handbók*. (2. útgáfa). Reykjavík: Olweusarverkefnið gegn einelti.



Hildigunnur Bjarnadóttir og Margrét Sverrisdóttir. (2013).  
Samvinna kennara: Samvinnunámsteymi í Öldutúnsskóla skólaárin 2010–2012.  
*Netla – Vefritur um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.  
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/alm/001.pdf>